

Þann 30. september árið 2015 var haldinn fundur í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands. Þetta var 58.fundur stjórnar.

Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Sturla Ólafsson og Kári Rafn Karlsson en forföll boðuðu Gry Ek Gunnarsson og Ása Ólafsdóttir.

Fundarritari: Sigurjón Pétursson

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð fundar stjórnar þ. 16.9.2015
2. Fundargerð formannafundar þ. 19.9.2015
3. Afreksstefna
4. Landsliðsmál
 - a. Nýr landsliðssamningur
 - b. Ferðareglur
 - c. Reglur um val í landslið
5. Frumvarp að nýjum lögum KRAFT
6. Önnur mál

Þetta gerðist:

1. Fundargerð stjórnarfundar sem haldinn var þ. 16.9 samþykkt.
2. Fundargerð formannafundar sem haldinn var 19.9 samþykkt.
3. Afreksstefna. Á formannafundi þann 19. september var afreksstefnan til umfjöllunar. Gerðar foru smávægilegar breytingar á henni í kjölfar þess fundar. Samþykkt.
4. Landsliðsmál.
 - a. Nýr landsliðssamningur samþykktur með smávægilegum breytingum.
 - b. Ferðareglur. Sigurjón lagði fram drög að ferðareglum KRAFT. Samþykkt.
 - c. Reglur um val í landslið. Samþykkt.
5. Frumvarp að nýjum lögum. Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar þar sem heimild hefur fengist frá formannafundi til að halda þingið í mars í stað janúar.
6. Önnur mál
7. Mótamál
 - a. Samþykkt að hvetja mótanefnd til að koma fram mótaskrá ársins 2016 sem allra fyrst en hana skal birta skv. lögum eigi síðar en 1. október ár hvert.
 - b. Samþykkt að hvetja mótanefnd til að nú þegar setja upp vinnureglur, leiðbeiningar, gátlista og matsstakjal fyrir mót og mótshaldara.
 - c. Fundarmenn voru sammála um að mótanefnd þarf að taka ríkari þátt í framkvæmd móta og eftirliti með mótshaldinu.
 - d. Mótareglur. Núgildandi mótareglur voru til umfjöllunar á formannafundi þ. 19.9 sl. Fyrir fundinum lágu tillögur frá Gry sem hún hefur samið í kjölfar formannafundar. Tillögur Gry voru samþykktar og birtast í nýrri útgáfu mótareglna sem fylgja fundargerð þessari.

- e. Dómaramál
- f. Rædd nauðsyn stofnunar Dómarafélags KRAFT. Samþykkt að ræða við dómara nefnd um málið svo og hvort dómara nefnd skuli að öllu jöfnu skipa dómara á mót eða alla vega á meistaramót.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 18:50

Sigurjón Pétursson fundarritari